



**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem
dyraverðir valda í starfi**

Á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð

Stefán Örn Stefánsson

Lagadeild

Félagsvísindasvið

Leiðbeinandi: Tómas Hrafn Sveinsson

Apríl 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGADEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem
dyraverðir valda í starfi**

Á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð

Stefán Örn Stefánsson

Lagadeild
Félagsvísindasvið
Leiðbeinandi: Tómas Hrafn Sveinsson
Apríl 2015

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	4
2	Reglan um vinnuveitandaábyrgð.....	5
2.1	Almennt.....	5
2.2	Uppruni reglunnar.....	7
2.3	Skilyrði reglunnar.....	7
2.3.1	Tjóni þarf að vera valdið með saknæmri háttsemi.....	7
2.3.2	Tjónvaldur þarf að vera starfsmaður vinnuveitanda.....	7
2.3.3	Tjóni þarf að vera valdið við framkvæmd starfans.....	8
3	Tjóni valdið við framkvæmd starfans.....	9
3.1	Almennt.....	9
3.2	Tjóni valdið í vinnutíma.....	9
3.3	Tjóni valdið í nánnum tengslum við starf.....	10
4	Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem dyraverðir valda í starfi.....	14
4.1	Lagagrundvöllur.....	14
4.2	Dómaframkvæmd.....	16
5	Niðurstöður.....	21
	Heimildaskrá.....	23
	Dómaskrá.....	24

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem dyraverðir valda í starfi á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Dyraverðir starfa á starfsvettvangi sem krefst þess að dyraverðir þurfa oft á tíðum að meðhöndla fólk undir áhrifum áfengis. Getur því verið líklegra en ekki að dyraverðir valdi tjóni í slíkum aðstæðum. Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir því í hversu nánum og eðlilegum tengslum, háttsemi dyravarða sem veldur líkamstjóni, þurfi að vera við starf þeirra sem dyraverðir, til þess að vinnuveitandi sé skaðabótaskyldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Fjallað verður sérstaklega um skilyrði reglunnar að tjóni þurfi að vera valdið við framkvæmd starfans í samhengi við efni þessarar ritgerðar.

Í öðrum kafla þessarar ritgerðar verður fjallað almennt um regluna um vinnuveitandaábyrgð. Farið verður yfir hvað reglan felur í sér, hver uppruni hennar sé og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að beita reglunni. Í þriðja kafla verður fjallað um það grundvallarskilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, að tjóni þurfi að vera valdið við framkvæmd starfans. Verður tekið til skoðunar hvort að vinnuveitandi beri aðeins ábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur á vinnutíma, eða hvort að vinnuveitandinn sé bótaskyldur fyrir tjóni sem starfsmaður veldur utan vinnutíma í einhverjum tilvikum. Einnig verður skoðað í hversu nánum tengslum tjón þarf að vera sem starfsmaður veldur við framkvæmd starfs, til þess að vinnuveitandi verði bótaskyldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í fjórða kafla verður síðan fjallað um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem dyraverðir valda í starfi, á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Farið verður yfir lagagrundvöllinn sem dyraverðir starfa eftir. Ljóst er að ekki er til mikið af lögfestum reglum um dyraverði, mun því meginumfjöllunin styðjast við dómaframkvæmd héraðsdóms og Hæstaréttar, sem tengjast álitafninu. Horft verður til hvaða atriða dómstólar líta við sakarmatið, og reynt að gera grein fyrir því hvaða háttsemi dyravarða fellur, og hvaða háttsemi þeirra fellur ekki, undir regluna um vinnuveitandaábyrgð. Að lokum verða niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman í fimmta kafla.

2 Reglan um vinnuveitandaábyrgð

2.1 Almennt

Sakarreglan er meginreglan um bótagrundvöllinn í íslenskum rétti og er algengast að skaðabótaábyrgð sé reist á reglunni.¹ Sakarreglan felur í sér að tjónþoli þurfi að sanna að tjóni sé valdið með háttsemi sem sé skaðabótaskyld. Ef skilyrðinu er ekki uppfyllt í tilteknu tilviki, getur ekki komið til skaðabótaábyrgðar á grundvelli reglunnar.² Í íslenskum rétti eru þó til reglur sem teljast til víðtækari bótareglna, sem eru víðtækari skaðabótareglur en sakarreglan, en skv. þeim er ekki skilyrði að sá sem er sóttur til bóta, hafi valdið tjóni. Ein af þessum víðtæku bótareglum er reglan um vinnuveitandaábyrgð.³

Ein af grundvallarreglum skaðabótaréttar er reglan um vinnuveitandaábyrgð.⁴ En meginreglan um vinnuveitandaábyrgð er ólögfest í íslenskum rétti. Reglan felur í sér að vinnuveitandi er ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmenn hans valda, án þess að hafa sjálfur sýnt af sér saknæma háttsemi.⁵ Er því um víðtækari ábyrgð að ræða en skaðabótaábyrgð á grundvelli sakarreglunnar. Talið er að reglunni um vinnuveitandaábyrgð hafi verið fyrst beitt af íslenskum dómstólum í *Hrd. 1934, bls. 862*⁶, en þó hafa fræðimenn ekki verið sammála og hafa sumir haldið því fram að reglunni hafi verið fyrst beitt í *Hrd. 1935, bls.48*.⁷ Í hvorugum málunum byggðu málsaðilar rétt sinn á reglunni um vinnuveitandaábyrgð en, þrátt fyrir það felldi Hæstiréttur í báðum málunum skaðabótaábyrgð á vinnuveitendurna á grundvelli saknæmrar háttsemi starfsmanna þeirra.⁸ Eins og áður var vikið að, er reglan óskráð en ljóst er að það dregur ekki úr mikilvægi hennar. Reglan er mynduð af dómstólum og er gildandi réttur í íslenska réttarkerfinu.⁹

¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 137-138.

² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 137.

³ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 93.

⁴ Hefur einnig verið notast við heitið húsbóndaábyrgð og atvinnurekandaábyrgð, en í þessari ritgerð verður notast við heitið vinnuveitandaábyrgð. Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls.96.

⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 255-256.

⁶ *Hrd. 1934, bls. 862*: Málavextir voru þannig að uppskipun fór fram með kolakrana við Reykjavíkurböfn. Vegna hvassviðris fauk kraninn til á þeim teinum sem hann rann á og rakst í mastur og skorstein skips, sem var verið að skipta kolum upp úr. Skipið skemmdist og höfðaði skipseigandinn mál á hendur félaginu sem átti kranann. Starfsmenn félagsins voru taldir hafa sýnt af sér saknæma háttsemi við frágang á krananum miðað við veðuraðstæður, var því felld bótaábyrgð á félagið, eiganda kranans.

⁷ *Hrd. 1935, bls. 48*: Málavextir voru þannig að vatnsskemmdir urðu á starfsstöð blikksmíðameistarans J, þegar holræsi í eigu R stíflaðist tvisvar. Upplýst var að holræsið hefði stíflast áður, en það var skipt um pípur eftir síðustu stíflu. J höfðaði mál gagnvart R sem eiganda holræsisins. Hæstiréttur taldi að starfsmenn R sem hafði verið skýrt frá atvikum hverju sinni, áttu að hafa holræsið undir stöðugu eftirliti og hreinsa það reglulega eftir að kunnugt var að ræsið hafði stíflast áður. Bar R því bótaábyrgð á tjóni J, þar sem starfsmenn R höfðu ekki sinnt eftirlitsskyldum sínum.

⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 95-96.

⁹ Arnljótur Björnsson: „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“, bls. 52.

Rökin fyrir reglunni um vinnuveitandaábyrgð eru byggð á því að eðlilegt sé að vinnuveitandi sem ræður til sín starfsfólk í vinnu sé ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmenn hans valda, enda felur starfssambandið á milli vinnuveitanda og starfsmanns í sér að verið er að vinna í þágu fjárhagslegra hagsmuna vinnuveitandans. Vinnuveitandi er einnig í flestum tilvikum í betri aðstöðu, bæði fjárhagslega eða í gegnum tryggingar, til þess að standa straum af kostnaði vegna tjóns. Síðast en ekki síst þá er það alfarið undir vinnuveitanda komið hverja hann ræður til sín og hversu öruggt vinnuumhverfi eða vinnuaðstæður hann skapar, til þess að líkurnar á tjóni séu sem minnstar.¹⁰

Það má draga þá ályktun af reglunni að vitneskja vinnuveitandans um tilvist reglunnar hafi almenn varnaðaráhrif fyrir hann. Vinnuveitandanum á að vera kunnugt um að hann muni bera ábyrgð á tjóni starfsmanna sinna án þess að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi sjálfur og er því líklegri til þess að gera það sem í hans valdi stendur til þess að draga úr áhættu af tjóni.¹¹ Reglan leysir þó ekki endilega starfsmann sem veldur tjóni með saknæmri háttsemi undan skaðabótaskyldu hans sjálfs, heldur gerir hún tjónþola auðveldara fyrir, að fá tjón sitt bætt að fullu með því að geta snúið sér með kröfu sína beint að vinnuveitandanum.¹² Þróun í skaðabótarétti hefur þó leitt af sér að starfsmaður er sífellt ólíklegri til þess að bera skaðabótaábyrgð á tjóni, en áhrif þessarar þróunar má sjá t.d. í 23.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.¹³ Sú grein felur m.a. í sér að aðeins er hægt að endurkrefja starfsmann um bætur sem vinnuveitandi hefur greitt, vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, á grundvelli sanngirniskraka.¹⁴ Vinnuveitendur hafa ekki oft nýtt sér þennan rétt til endurkröfu.¹⁵

Benda má á að lokum að svo getur viljað til að vinnuveitandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í tjóni sem starfsmaður hans veldur og ber hann þá sjálfur ábyrgð eftir sakarreglunni, en ekki samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Vinnuveitandi getur t.d. hafa látið starfsmann framkvæma ákveðið verk sem starfsmaðurinn hefur ekki tilskilinn réttindi til þess að framkvæma eða jafnvel veitt starfsmanni rangar eða misvísandi leiðbeiningar sem leiða til tjóns.¹⁶

¹⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 91.

¹¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 65.

¹² Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“, *Um Lög og rétt*, bls. 305.

¹³ Framvegis skammstafað: skbl.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“, *Um Lög og rétt*, bls. 309.

¹⁵ Sigríður Logadóttir og Ásta Magnúsdóttir: *Inngangur að lögfræði*, bls. 281.

¹⁶ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 94.

2.2 Uppruni reglunnar

Vinnuveitandaábyrgðin eins og reglan er í dag á sér ekki langa sögu, þó hafa verið ummerki um svipaðar reglur í fortíðinni sem vinnuveitandaábyrgðin á rætur að rekja til. Á dögum Rómaveldis gildi regla í rómverskum rétti þar sem húsbóndi bar ábyrgð á tjóni sem ættingi hans eða þræll olli án þess að skilyrði um skaðabótaskylda háttsemi húsbóndans væri fullnægt.¹⁷ Reglan um húsbónndaábyrgð eins og hún þekktist í Rómarrétti varð þó aldrei gildandi réttur í norrænum rétti. Reglunni um vinnuveitandaábyrgð virðist fyrst hafa verið beitt í enskum rétti, þar sem vinnuveitandi var bótaskyldur fyrir háttsemi starfsmanns eða þjóns síns, sem leiddi til tjóns.¹⁸

Reglan eins og hún er þekkt í dag á Íslandi er byggð á norrænni fyrirmynd en árið 1683 komu út lög í Danmörku, þar sem var að finna ákvæði sem urðu grundvöllur að reglunni.¹⁹ Reglan um vinnuveitandaábyrgð var fljót að festa sig í sessi í íslenskri dómaframkvæmd þá þegar upp úr miðri 20. öld.²⁰

2.3 Skilyrði reglunnar

2.3.1 Tjóni þarf að vera valdið með saknæmri háttsemi

Til þess að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við þarf að uppfylla ákveðinn grundvallarskilyrði. Fyrsta skilyrðið felur í sér að háttsemin sem veldur tjóninu þarf að vera saknæm.²¹ Starfsmaður þarf því að valda tjóni með saknæmum hætti til þess að vinnuveitandi verði skaðabótaskyldur á grundvelli reglunnar.²² Mat á því hvort að saknæm háttsemi sé fyrir hendi þegar starfsmaður veldur tjóni, fer eftir sama mati og þegar sakarreglunni er beitt.²³

2.3.2 Tjónvaldur þarf að vera starfsmaður vinnuveitanda

Annað skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð felur í sér að tjónvaldur þarf að vera starfsmaður vinnuveitanda sem verður síðan skaðabótaskyldur. Geta risið upp álitafni hvort ráðningarsamband sé á milli vinnuveitanda og starfsmannsins sem veldur tjóninu. En skilyrðið er að starfsmaðurinn sé að vinna verk í þágu vinnuveitandans með hans vitneskju. Reglan getur t.d. átt við þegar fólk er að starfa sem sjálboðaliðar fyrir góðgerðarfélag, er því

¹⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 91.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 92.

¹⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 92.

²⁰ Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, bls. 46.

²¹ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 93.

²² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 269.

²³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 258.

ekki gert skilyrði um að starfið sé launað, heldur skiptir höfuðmáli hvernig réttarsambandið á milli vinnuveitanda og starfsmanns, er háttað.²⁴

Hugtakið vinnuveitandi í íslenskum og dönskum skaðabótarétti, hefur almennt verið túlkað rúmt, að það nái til allra þeirra sem vinna eitthvert verk eða sinna ákveðnum erindagjörðum í þágu vinnuveitandans.²⁵ Talið er að skilyrði fyrir því að reglunni verði beitt, er að það komi einhvers konar beiðni frá vinnuveitanda um að verk sé unnið eða þjónusta innt af hendi.²⁶

2.3.3 Tjóni þarf að vera valdið við framkvæmd starfans

Þriðja skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð er að tjón þarf að gerast þegar starfsmaður framkvæmir starfið, en dómaframkvæmd hefur leitt í ljós nokkra tilslökun á þessu skilyrði. Tjóni þarf að vera valdið á vinnutíma en háttsemi starfsmannsins má ekki vera of fjarlæg starfi hans.²⁷ Ekki skiptir máli hvort að sá sem verður fyrir tjóni, sé samstarfsmaður vinnuveitanda eða utanaðkomandi maður, gildir vinnuveitandaábyrgð engu síður, ef öll skilyrði reglunnar eru uppfyllt.²⁸ Í næsta kafla verður gert nánar grein fyrir skilyrðinu að tjóni þurfi að vera valdið við framkvæmd starfans til þess að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við.

²⁴ Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“, *Um Lög og rétt*, bls. 306.

²⁵ Arnljótur Björnsson: „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“, bls. 54.

²⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 261.

²⁷ Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“, *Um Lög og rétt*, bls. 307.

²⁸ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 93.

3 Tjóni valdið við framkvæmd starfans

3.1 Almenn

Eins og komið var inn á í kafla 2.3 í ritgerðinni, sem fjallar um skilyrði reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, þá er eitt af skilyrðunum fyrir því að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við að tjóninu sem valdið er, eigi sér stað, í tengslum við framkvæmd starfsmanns á starfinu sem hann á að inna af hendi fyrir vinnuveitanda.

Geta risið upp álitæfni hvort að reglunni verði eingöngu beitt þegar starfsmaður veldur tjóni við framkvæmd vinnunnar eða hvort að reglan sé í sumum tilvikum rýmri og taki til tilvika t.d. utan vinnutíma, eða þegar starfsmaður fer út fyrir starfsskyldur sínar og hvaða kröfur eru þá gerðar um tengsl háttsemi starfsmannsins, sem veldur tjóni, við starfið hans.²⁹ Í kafla 3.2 og 3.3 í ritgerðinni verður gerð ítarlegri grein fyrir þessu skilyrði reglunnar vegna þýðingu þess fyrir efni ritgerðar þessarar.

3.2 Tjóni valdið í vinnutíma

Til þess að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við þá er meginregla að tjóni hafi verið valdið af starfsmanni á vinnutíma.³⁰ En reglan hefur yfirleitt ekki verið talinn eiga við þegar starfsmaður veldur tjóni utan vinnutíma.³¹

Hrd. 1952, bls. 276. voru málavextir þannig að maður sem starfaði sem vörubifreiðastjóri hjá Á, var staddur með bifreiðina við bryggju í Vestmannaeyjum eftir vinnu. Maðurinn var beðinn um að flytja þrjár stúlkur og farangur þeirra inn í Herjólfssdal. Fóru þrír piltar upp á pall bifreiðarinnar og þegar bifreiðin tók af stað, þá féllu tveir af piltunum af pallinum. Annar piltanna slasaðist og höfðaði skaðabótamál gagnvart Á, sem eiganda bifreiðarinnar og sem vinnuveitanda vörubifreiðarstjórans. Hæstiréttur taldi ósannað að tjónþoli hefði fengið far með bifreiðinni með leyfi vörubifreiðarstjórans og þar sem vörubifreiðarstjórinn hafði ekki verið í þjónustu Á þegar tjónið átti sér stað, var Á sýknaður af kröfum tjónþolans.

Í dómnum er vinnuveitandinn sýknaður þar sem starfsmaðurinn er ekki að starfa í þjónustu vinnuveitandans á þeim tímapunkti þegar slysið á sér stað. Gerist tjónið því utan vinnutíma vörubifreiðarstjórans.

Þó geta komið upp tilvik þar sem reglan getur verið talin eiga við, þrátt fyrir að tjón hafi átt sér stað utan vinnutíma.³²

UfR 1958, bls. 821. Voru málavextir þannig að vinnuveitandi hjólasendils var dæmdur skaðabótaskyldur þegar hjólasendillinn, sem var á leið heim frá vinnu, hjólaði á konu sem olli henni líkamstjóni. Ástæðan fyrir því að reglunni um vinnuveitandaábyrgð var beitt var sú að

²⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 258.

³⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 283.

³¹ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 96.

³² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 284.

vinnuveitandinn fól sendlinum að flytja vörur til móður sinnar, um leið og hann færi heim. Var hjólasendillinn því talinn hafa verið í þjónustu vinnuveitandans þegar slysið átti sér stað og var vinnuveitandinn dæmdur bótaskyldur fyrir háttsemi starfsmannsins.

Dómurinn fellir skaðabótaábyrgð á vinnuveitandann þar sem starfsmaðurinn var að sinna erindum fyrir vinnuveitandann þegar slysið átti sér stað, þó að erindið fyrir vinnuveitandann og slysið, hafi bæði átt sér stað utan vinnutíma starfsmannsins.

Ef vinnuveitandi hefur falið starfsmanni sínum að sinna einhverjum ákveðnum erindagjörðum fyrir sína hönd, á leiðinni frá vinnu eða til vinnu, getur reglan átt við.³³ Verður hér fyrir neðan reifaður danskur dómur til frekari skýringar.

UfR 1952, bls. 648. Voru málavextir þannig að B, sem var sendill fyrir vinnuveitanda sinn, átti eftir að fara með einn pakka til klæðskera. Vegna fyrri reynslu af viðskiptum við klæðskerann vissi B að sendinginn gæti orðið tímafrek. Ákvað B því að fara krókaleið á leið sinni til klæðskerans, fara heim til sín og láta konu sína vita að hann kæmi sennilega seint heim. Þegar B var á leið heim ók hann á I, sem slasaðist við áreksturinn. Talið var að vinnuveitandi B væri bótaskyldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, þar sem akstur B væri í svo nánnum og eðlilegum tengslum við starf hans.

Í dómnum er skaðabótaábyrgð felld á vinnuveitanda, þrátt fyrir að tjónvaldur hafi verið að sinna persónulegum erindagjörðum í vinnunni þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Hefur verið talið eðlilegt að gera ríkar kröfur til tengsla á milli tjóns sem starfsmaður veldur og starfsins sem starfsmaður á að inna af hendi í þjónustu vinnuveitanda. Til þess að vinnuveitandi verði ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmaður veldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.³⁴ Má draga þá ályktun að ef starfsmaður veldur tjóni utan vinnutíma verði að vera fyrir hendi nán og eðlileg tengsl á milli starfsins og tjóns sem verður, til þess að reglunni um vinnuveitandaábyrgð verði beitt.

3.3 Tjóni valdið í nánnum tengslum við starf

Kjarni reglunnar um vinnuveitandaábyrgð er sá að ákveðin tengsl þurfa að vera á milli tjóns sem starfsmaður veldur og vinnunnar sem hann átti að framkvæma fyrir hönd vinnuveitanda.³⁵ En vinnuveitandi verður ekki endilega gerður ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmaður veldur þó að háttsemi starfsmannsins sé saknæm. Sett er það skilyrði að tjónið verður að vera í eðlilegum tengslum við framkvæmd starfsins sem starfsmaður átti að inna af hendi fyrir vinnuveitanda.³⁶ Að tjón þurfi að vera í eðlilegum tengslum við framkvæmd

³³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 283.

³⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 284.

³⁵ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 270.

³⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 269.

starfsins er augljóslega matskennt, enda er það misjafnt hvort að tjónsatburður telst vera í nægilega eðlilegum tengslum við starf eða hvort að starfsmaður hafi farið út fyrir starfsskyldur sínar. Sem leiðir af sér að vinnuveitandi væri þ.a.l. ekki ábyrgur fyrir tjóni skv. reglunni um vinnuveitandaábyrgð.³⁷ Þó að sett sé það skilyrði fyrir reglunni að tjón þurfi að vera í eðlilegum tengslum við starf, getur vinnuveitandi borið ábyrgð á ónauðsynlegri hegðun starfsmanns, jafnvel þó að starfsmaður brjóti gegn fyrirmælum yfirmanna sinna.³⁸ Viðar Már Matthíasson setur fram eftirfarandi meginreglu í bók sinni „Skaðabótaréttur“:

Meginreglan hlýtur að vera, að háttsemi sú, er tjóninu veldur, þurfi að vera í einhverjum þeim tengslum við starfið eða framkvæmd þess eða, að tjónþoli megi a.m.k. líta svo á, að tjónvaldur hafi verið að sinna starfi sínu er skaðaverk var unnið. Þýðingu hefur, að vinnuveitandi hafi mátt gera ráð fyrir því, að starfsmaður hans hegðaði sér með þeim hætti, sem hann gerði. Það útilokar ekki beitingu reglunnar að hin saknæma háttsemi, er tjóni veldur, sé refsiverð og heldur ekki að hún fari í bága við bein fyrirmæli vinnuveitanda um framkvæmd starfs.³⁹

Af þessu leiðir að ákveðin tengsl þurfa að vera fyrir hendi, á milli starfsins sem starfsmaður framkvæmir fyrir vinnuveitanda og háttsemi starfsmanns sem veldur tjóni. Ljóst er að við mat á því hvort að nægileg tengsl séu fyrir hendi á milli tjóns og starfs sem starfsmaður innir af hendi fyrir vinnuveitanda, meta dómstólar hvert tilvik fyrir sig og fram fer heildarmat á öllum þeim þáttum sem skipta geta máli.⁴⁰ Athugun á dómaframkvæmd gæti þó veitt meiri innsýn í hvaða þætti dómstólar líta til við mat sitt.

Hrd. 1962, bls. 74. voru málavextir þannig að tveir starfsmenn hraðfrystihússins G, þeir J og B, voru að starfa í flökunarsal hússins. B byrjaði að hreinsa flökunarborð sitt með vatnsslöngu í annarri hendinni og hélt á flökunarhníf í hinni. J taldi sig þá þurfa hreinsa gólfíð hjá sér og bað B um að rétta sér vatnsslönguna. B hunsaði J og þegar J ætlaði að taka í slönguna, brá B flökunarhnífnum í slönguna og við það skarst hún í sundur. Byrjuðu þeir að takast á um vatnsslönguna og sprautuðu á hvorn annan. B ætlaði að skera vatnsslönguna aftur, þegar J gerði atlögu til þess að ná vatnsslöngunni aftur, en við það lenti hnífurinn, sem B hélt á, á úlnliði J, sem skarst illa fyrir vikið. Fyrir Hæstarétti var niðurstaða héraðsdóms staðfest um sýknu hraðfrystihússins G. En í forsendum héraðsdóms var talið að hegðun J og B hafi verið svo fjarlæg þeirra starfsskyldum sem starfsmenn hraðfrystihúss, að slysinu yrði ekki jafnað til slyss í starfi.

Í dómnum er hafnað að nægilega nán tengsl séu á milli starfsins og tjónsins sem starfsmaðurinn veldur. Þó að starfsmennirnir hafi verið að sinna starfinu sínu við upphaf atburðarrásarinnar, sem leiddi síðan til tjóns, er slíkt ekki nægilegt.⁴¹ Leiðir af því að vinnuveitandi er almennt ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmaður veldur, ef

³⁷ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 277.

³⁸ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 96.

³⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 277.

⁴⁰ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 277.

⁴¹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 270.

starfsmaður hegðar sér með svo óvenjulegum og afbrigðilegum hætti, að almennt verði ekki gert ráð fyrir því, að starfsmaður viðhafi slíka háttsemi í starfi.⁴²

Það getur verið vandasamt að meta, hvort að háttsemi sem starfsmaður viðhefur, þegar hann veldur tjóni, sé það óvenjuleg, að hún teljist ekki vera í nægilega eðlilegum tengslum við starf, til þess að vinnuveitandi verði gerður ábyrgur fyrir tjóni.⁴³ Dæmi um það eru líkamsárásir starfsmanna á hendur þriðja manni. Almennt hefur verið talið að vinnuveitandi sé ekki ábyrgur fyrir tjóni sem starfsmaður veldur með líkamsárás.⁴⁴ Þó hefur verið talið að vinnuveitandi sé almennt skaðabótaskyldur vegna starfa sem fela í sér hættu á beitingu ofbeldis, eins og í starfa lögreglumanna, dyravarða og annarra sem vinna á sambærilegum starfsvettvangi. Þetta getur átt við þó að þeir beiti óþarflega miklu harðræði eða gangi of harkalega fram í starfi.⁴⁵ Viðar Már Matthíasson telur í bók sinni „Skaðabótaréttur“ að:

Almennt verður að telja, að líkamsárásir starfsmanna falli utan reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, svo og önnur refsiverð háttsemi. Frá þessu verður að gera nokkrar undantekningar. Fyrst og fremst vegna þess að stundum er líkamleg valdbeiting hluti af starfsskyldum manna, t.d. löggæzlumanna og dyravarða, og er því augljóst að tjón, sem valdið er af þessum starfsstéttum í líkamlegum átökum, hlýtur oftast að falla innan marka reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.⁴⁶

Af þessu leiðir að vinnuveitandi er almennt bótaskyldur fyrir líkamstjóni sem starfsmaður veldur í starfi, þegar líkamleg valdbeiting er hluti af starfsskyldum þeirra, jafnvel þó að þeir gangi harkalegra fram en nauðsynlegt er, miðað við aðstæður. Ber að nefna tvo dóma hér til frekari skýringar.

Hrd. 1976, bls. 96. voru málavextir þannig að S sem var staddur í samkomuhúsi á Hellu, lenti í orðaskiptum við lögreglumann og greip í öxl hans. Lögreglumaðurinn kallaði í annan lögreglumann í kjölfar þess og leiddu þeir S út úr húsinu. Kom til átaka á milli S og lögreglumannanna þar sem annar lögreglumaðurinn handjárnaði S og hinn barði hann með kylfu meðan S lá í jörðinni, handjárnaður. Var lagt til grundvallar að S hefði handleggsbrotnað við meðferð lögreglumannanna á honum, þegar þeir handjárnuðu hann. Hæstiréttur taldi lögreglumennina hafa gengið harkalegra fram en nauðsynlegt var, miðað við aðstæður. Þó taldi Hæstiréttur S hafa sýnt lögreglumönnum það mikinn mótþróa áður en hann var handjárnaður, að hann ætti að bera helming tjóns síns sjálfur. Var því íslenska ríkið dæmt til þess að greiða hinn helming tjónsins á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Hrd. 1996, bls. 205. voru málavextir þannig að S var ásamt hópi fólks í samkvæmi í húsi við Bergþórugötu. Vegna hávaða og ölvunar var lögregla kvödd á vettvang, sem vísaði fólki út úr samkvæminu. S sem hugðist ganga heim til sín, hlýddi ekki fyrirmælum lögreglu um ákveðna

⁴² Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 96.

⁴³ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 96.

⁴⁴ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 97.

⁴⁵ Arnljótur Björnsson: *Skaðabótaréttur*, bls. 97.

⁴⁶ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 270-271.

leið sem S skyldi fara. Einn lögreglumannanna ýtti þá S og tók hann tökum sem leiddi til þess að S varð rænulítill og féll í götuna og hlaut meiðsl af. Var talið sannað að lögreglumaðurinn hafði gengið of harkalega fram. Var lögreglumaðurinn dæmdur fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940⁴⁷ sbr. 138. gr. alm. hgl. Í skaðabótamáli sem S höfðaði var bótaábyrgð felld á íslenska ríkið á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Í forsendum Hæstaréttar var talið, að þrátt fyrir að lögreglumaðurinn hefði gengið of harkalega fram en nauðsynlegt var miðað við aðstæður, þá var óumdeilt að hann hafi verið að taka þátt í lögregluaðgerðum og þ.a.l. verið að sinna starfi sínu. Var íslenska ríkið, sem vinnuveitandi lögreglumannsins, dæmt bótaskyldt fyrir tjóni S.

Í báðum ofangreindum dómum Hæstaréttar er skaðabótaábyrgð felld á íslenska ríkið, sem vinnuveitandi lögreglumannanna, á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þrátt fyrir að í báðum dómunum telji Hæstiréttur að lögreglumennirnir hafi farið sér offari í starfi sínu með háttsemi sinni. Í næsta kafla í ritgerðinni verður svo fjallað sérstaklega um skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem dyraaverðir valda í starfi.

⁴⁷ Framvegis skammstafað: alm. hgl.

4 Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda á líkamstjóni sem dyraverðir valda í starfi

4.1 Lagagrundvöllur

Ekki er til mikið af lögfestum reglum um starf dyravarða en gerð verður grein fyrir þeim lögum sem til staðar eru og eiga við um starf þeirra. Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007⁴⁸ er fjallað um veitingahús og eru þar sett skilyrði um ákveðið eftirlit sem þarf að vera til staðar. Í 4. gr. vgs. er fjallað um flokkun á veitingastöðum. Umfjöllun í þessari ritgerð fellur undir flokk III í 3. mgr. 4. gr. vgs. en þar undir falla veitingastaðir sem hafa leyfi til áfengissölu. Í þeirri grein er gerð krafa um ákveðið eftirlit sem staðirnir þurfa að uppfylla, til þess að halda leyfi sínu. Flokkur II fjallar um áfengisveitingastaði sem loka ekki seinna en klukkan ellefu á kvöldin, og þar af leiðandi ekki gerð krafa um mikið eftirlit eða löggæslu. Slíkir staðir eru skilgreindir sem umfangslitlir áfengisveitingastaðir. Undir flokk III falla aftur á móti staðir sem eru skilgreindir sem umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, en á slíkum stöðum er gerð meiri krafa um eftirlit og löggæslu heldur en áfengisveitingastaðir í flokki II. Forsendurnar fyrir því eru, að þar er leikin háværingi tónlist og opnunartími er lengri en til klukkan ellefu á kvöldin.

Í 1. mgr. 6.gr. vgs.⁴⁹ er ákvæði sem fjallar sérstaklega um dyravörslu á veitingahúsum. Ákvæðið er almennt orðað og veitir ekki mikla innsýn inn í lagagrundvöll dyravörslu, en í 2. mgr. 6. gr. vgs. er heimild til þess að kveða nánar á um reglur um dyravörslu í reglugerð.⁵⁰ Dyravarsla á veitingastöðum hefur verið talin gríðarlega mikilvæg til þess að halda uppi fullnægjandi eftirliti, en sérstaklega er mikilvægt að sterkt samband sé á milli dyravarða og lögreglu.⁵¹

Í reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er fjallað nánar um hlutverk og hæfi dyravarða. Í 17. gr. reglugerðarinnar⁵² er kveðið á um að jafnaði skuli vera tveir dyraverðir á veitingastöðum sem falla undir flokk III í 3. mgr. 4. gr. vgs. En

⁴⁸ Framvegis skammstafað: vgs.

⁴⁹ 1. mgr. 6.gr. vgs. hljóðar svo: Dyravarsla á veitingahúsum og öðrum samkomum fer eftir flokkun þeirra, tegund, stærð, afgreiðslutíma og hvort um áfengisveitingar er að ræða. [Nánar skal kveða á um hæfi og þjálfun dyravarða í reglugerð og er heimilt að kveða þar á um að dyraverðir skuli hafa náð 20 ára aldri, að þeir hafi ekki gerst sekir um ofbeldis- eða fíkniefnabrot á síðastliðnum fimm árum og að dyraverðir skuli sækja sérstök námskeið þar sem farið er yfir atriði sem á reynir við dyravörslu, svo sem ákvæði áfengislaga, hjálp í viðlögum, viðbrögð við óspektum og hvernig þekkja megi merki um neyslu og sölu ólöglegra vímuefna.]⁵⁰Leyfisveitanda er heimilt að binda útgáfu rekstrarleyfis því skilyrði að hluti dyravarða hafi lokið slíku námskeiði.

⁵⁰ Það hefur verið gert í reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

⁵¹ Alþt. 2006-2007, A- deild, bls. 4865.

⁵² 17. gr. reglugerðar nr. 585/2007 hljóðar svo: Að jafnaði skulu vera að lágmarki tveir dyraverðir á veitingastöðum í flokki III ef um er að ræða skemmtistaði eða samkomusali en halda skal hverju sinni uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur gert frekari kröfur um fjölda dyravarða allt eftir umfangi skemmtunar hverju sinni, stærð staðar og/eða fjölda gesta.

lögreglustjóri getur gert frekari kröfur um eftirlit, að teknu tilliti til umfangs skemmtunar, stærð staðar og fjölda gesta. 18. gr. reglugerðarinnar kveður þar að auki á um hæfisskilyrði sem dyraverðir þurfa að uppfylla, til þess að geta gegnt dyravörslu. Leyfi til dyravörslu er háð samþykki lögreglustjóra, en grundvallarskilyrðin eru þau, að dyraverðir þurfa að hafa náð að minnsta kosti 20 ára að aldri og mega ekki hafa gerst sekir um ofbeldis- eða fíkniefnabrot. Þurfa umsækjendur að leyfi til þess að geta gegnt dyravörslu að framvísa sakarvottorði, því til staðfestingar. 19. gr. reglugerðarinnar fjallar síðan um hlutverk dyravarða en greinin hljóðar svo:

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. Dyravörðum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska.

Í 19. gr. er því aðeins almenn heimild fyrir starfsmenn, með leyfi til dyravörslu, til þess að vísa aðilum af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum eða valda óspektum. Eins og komið var inn á í kafla 3.3 í ritgerðinni, þá ber vinnuveitandi ekki ábyrgð á háttsemi starfsmanns, sem telst vera of fjarlæg starfi hans. Það leiðir af eðli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð að þó starfsmaður valdi tjóni með sagnæmum hætti, er ekki sjálfgefið að vinnuveitandinn verði skaðabótaskyldur fyrir tjóninu. Skaðabótaábyrgð vinnuveitanda, vegna tjóna sem starfsmenn hans valda, takmarkast við það að tjóninu sé valdið í tengslum við framkvæmd starfsins, sem hann á að inna af hendi.⁵³ Í þeim efnum getur því verið mikilvægt að hafa í huga framangreint ákvæði reglugerðar nr. 585/2007 um hlutverk dyravarða.

Ber að taka undir orð Viðars Mús Matthíassonar í bók hans „Skaðabótaréttur“ sem tilvitnað var til í kafla 3.3 í ritgerðinni, um að tjón verði að vera í nánnum tengslum við starf. Af orðunum leiðir að þar sem að líkamleg valdbeiting sé þáttur í starfsemi dyravarða, þá sé vinnuveitandi skaðabótaskyldur fyrir háttsemi dyravarða, þó að háttsemin myndi teljast gróf eftir almennum mælikvarða. Koma þó til skoðunar álitaefni, eins og þegar dyraverðir fara út fyrir starfsskyldur sínar og ber því að skoða dómafordæmi til samanburðar en það verður gert í næsta kafla.

⁵³ Viðar Mús Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 269.

4.2 Dómaframkvæmd

Í þessum kafla verða dómur reifaðir sem fjalla um þegar dyraverðir valda líkamstjóni á þriðja manni í starfi. Reynt verður að gera grein fyrir hvaða atriða dómstólar horfa til við sakarmatið og hvaða kröfur þeir gera til tengsla á milli starfs og háttsemi dyravarða sem veldur líkamstjóni, skv. reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Ef reglan um vinnuveitandaábyrgð á ekki við þegar dyraverðir eru taldir hafa farið út fyrir starfsskyldur sínar, verður skoðað hvað það leiðir af sér. Framsetning umfjöllunar verður þannig að dómarnir verða raktir í tímaröð frá *Hrd. 1967, bls. 1163* til *Hrd. 5. júní 2014 (696/2013)*.

Hrd. 1967, bls. 1163. voru málsatvik slík að Ö, sem var sannanlega ölvaður, leitaðist eftir því að fá inngöngu á veitingahúsið K. Ö var synjað um inngöngu af dyraverðinum M. Eftir að Ö hafði reynt ítrekað að troða sér inn með öðrum gestum, setti M hönd sína á brjóst Ö og hrinti honum aftur á bak. Með þeim afleiðingum að Ö féll aftur fyrir sig af tveggja þrepa palli, fyrir framan inngang veitingahússins. Ö öklabrotnaði við fallið og skaddaðist á liðböndum. Fyrir héraðsdómi stefndi Ö dyraverðinum M og veitingahúsinu K, in solidum til greiðslu skaðabóta. Ö reisti kröfur sínar á því að dyravörðurinn M hafi af ástæðulausu synjað honum um inngöngu og beitt hann slíku harðræði, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna háttsemi hans. Einnig byggði Ö á því að veitingahúsið K hafi fellt á sig skaðabótaábyrgð vegna ófullnægjandi og ólöglegs aðbúnaðar við inngang veitingahússins. Héraðsdómur taldi aðalorsök slyssins vera framkomu Ö gagnvart dyraverðinum M. Þó hafi dyraverðinum M átt að vera ljóst, að hætta gat stafað af því að ýta frá sér eins og hann gerði, sökum ölvunarástands Ö, sérstaklega vegna þess hversu mjór dyrapallurinn við innganginn var. Dyravörðurinn M var ekki talinn hafa sýnt næga aðgæslu, þar sem Ö stóð einn á tröppunum þegar slysið átti sér stað. Héraðsdómur taldi pallinn, fyrir framan innganginn ekki fullnægja ákvæðum byggingarsamþykktar og með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fór fram í húsinu, væri pallurinn óeðlilega mjór og væru sterkar líkur fyrir því að ónóg breidd pallsins ætti nokkra sök á slysinu. Voru M og veitingahúsið K dæmd til að bæta tjón Ö að ½ hluta in solidum, en Ö bæri sjálfur ½ hluta af tjóni sínu. Fyrir Hæstarétti klofnaði dómurinn í þrennt. Meirihlutinn taldi ósannað skv. gögnum málsins að dyravörðurinn M hafi stjakað svo harkalega við Ö, að hann verði talinn hafa sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi, sem væri skaðabótaskyld. Var því sýknað af þeim kröfandi. Veitingahúsið K var talið eiga að bera ¼ hluta af tjóni Ö og vísaði meirihlutinn til forsendna héraðsdóms að pallurinn hafi verið óeðlilega mjór, þannig að slyshætta gæti stafað af. Meirihlutinn dæmdi Ö til að bera sjálfur tjón sitt að ¾ hlutum, vegna þess að meginorsök slyssins, auk óhappatilviljunar, væri háttsemi og ölvun Ö. Í dómnum féllu tvö sératkvæði. Fyrra sératkvæðið minntist ekkert á hættuna sem stafaði af pallinum, heldur felldi bótaskyldu á veitingahúsið K, sem vinnuveitandi dyravarðarins M. Þar sem dyravörðurinn M hafi verið við dyravörslu í þágu og þjónustu veitingahússins og hafi farið offari í starfi sínu, er hann hrinti Ö. En af atvikum málsins skoðuðum bæri Ö ½ hluta tjóns síns sjálfur og veitingahúsið K og dyravörðurinn M ½ hluta tjónsins in solidum. Seinna sératkvæðið taldi ekki leitt í ljós að frágangur pallsins hafi verið óvenjulegur og sýknaði dyravörðinn M og veitingahúsið K af kröfum Ö.

Af dómi meirihluta Hæstaréttar leiðir að háttsemi dyravarðarins hafi verið innan starfsskyldna hans sem dyravörður og þ.a.l. ekki of fjarlæg starfi hans. Dómurinn leggur einnig áherslu á að háttsemi tjónþola og þar helst ölvun hans, hafi verið aðalorsök slyssins. Má draga þá ályktun að ölvun og slæm framkoma tjónþola, í garð tjónvalds, í aðdraganda slyss, geti valdið því, að tjónþoli verði gerður meðábyrgur fyrir tjóni sínu að einhverju leyti.

Dómurinn byggir á því að ekki sé sannað hversu harkalega dyravörðurinn ýtti frá sér og var því vinnuveitandinn skaðabótaskyldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Fyrri sératkvæðið taldi þó dyravörðurinn hafa farið offari í starfi, en felldi bótaskyldu á vinnuveitandann þrátt fyrir það. Tekið skal fram að um er að ræða gamalt fordæmi og er hugsanlegt að ný sjónarmið eigi við í dag.

Í neðangreindum Hæstaréttardóm var skaðabótaábyrgð felld á vinnuveitanda á grundvelli saknæmrar háttsemi starfsmanna hans, sem olli líkamstjóni á þriðja manni.

Hrd. 1991, bls. 857. stefndi A, veitingahúsinu F og tryggingafélaginu S hf. til réttargæslu. Til greiðslu skaðabóta vegna líkamsmeiðinga sem hann varð fyrir af völdum dyravarða veitingahússins F. Málavextir voru þannig að A var ölvaður að fagna lokaáfangi í námi ásamt skólafélögum sínum. Fór A upp á pall á veitingahúsinu F, þar sem skemmtikraftar veitingahússins tróðu upp. Dyraverðir veitingahússins höfðu afskipti af A og báðu hann um að fara niður, sem hann gerði. Litlu síðar hafði dyravörður aftur afskipti af A og reyndi að fylgja honum út af veitingahúsinu vegna hreinna leiðinda hjá A. Kom til stimpinga á milli A og tveggja dyravarða, sem leiddi til þess að A og dyraverðirnir féllu saman í gólfið og hlaut A við fallið brot á hægri olnboga, en eftir það fór A útaf staðnum. Fyrir héraðsdómi var talið að orsök tjónsins væri hægt að rekja til framgangs dyravarðanna gagnvart A, en þótt að það væri ljóst að stefnandi hafi haft uppi uppivöðslusemi eða ágengni, var svo harður framgangur dyravarðanna sem leiddi til beinbrots ekki réttlætanager. Felldi héraðsdómur skaðabótaábyrgð á veitingahúsið F, á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. A var talinn meðábyrgur fyrir tjóni sínu að ½ hluta tjónsins, en veitingahúsið dæmt til að bæta honum það að ½ hluta. Fyrir Hæstarétti var talið ósannað að framkoma A hafi verið slík, að réttmætt hafi verið að vísa honum út og að nauðsyn hafi borið til að beita A valdi til að framfylgja ákvörðun sinni, en dyraverðirnir voru þeir einu sem fullyrtu að hegðun A hefði eigi verið með skaplegum hætti. Rétturinn taldi einnig ósannað að viðbrögð A við valdbeitingu dyravarðanna hafi verið slík að sakast verði við hann. Var bótaábyrgð því felld á veitingahúsið F þar sem dyraverðirnir voru að störfum í þjónustu veitingahússins. Tveir dómáttarar skilugu sératkvæði saman og töldu að A ætti að bera 1/3 hluta tjóns síns sjálfur, þrátt fyrir ónógar upplýsingar um átök A og dyravarðanna töldu þeir ljóst að A hafi veitt verulega mótspyrnu, er rekja mætti til ölvunar hans.

Meirihluti Hæstaréttar fellir fulla bótaábyrgð á vinnuveitanda dyravarðanna, en harkaleg framgangur dyravarðanna var ekki talinn nauðsynleg undir kringumstæðunum. Sönnunarbyrðin fyrir því að framkoma A hafi verið til slíkra vandræða að réttmætt væri að vísa honum út með svo harkalegri framgöngu, er felld á dyraverðina og vinnuveitandann. En það taldist ekki sannað þar sem dyraverðirnir voru þeir einu sem fullyrtu það. Í forsendum Hæstaréttar segir um bótaábyrgð rekstraraðila veitingahússins:

Af þeim, sem til frásagnar eru í málinu, eru dyraverðirnir einir um þá fullyrðingu, að hegðun gagnáfrýjanda hafi eigi verið með skaplegum hætti. Er ósannað gegn andmælum gagnáfrýjanda, að framkoma hans hafi verið slík, að réttmætt hafi verið að vísa honum á dyr og að nauðsyn hafi borið til, að dyraverðirnir beittu valdi til að framfylgja ákvörðun sinni um það. Verður að ætla, að meiðsli gagnáfrýjanda hafi hlotist af harðræði, er hann sætti af hálfu dyravarðanna. Þeir voru að störfum í þjónustu Fógetans h/f, og ber því félagið fébótaábyrgð á framferði þeirra gagnvart gagn-áfrýjanda og tjóni hans af völdum þess.

Má draga þá ályktun af dóminum, að sönnunarbyrði fyrir því að lækka eigi bætur vegna meðabyrgðar tjónþola á tjóni sínu, sé felld á tjónvald. En um meðabyrgð tjónþolans segir m.a. í rökstuðningi Hæstaréttar:

Ósannað er, að viðbrögð gagnáfrýjanda við valdbeitingu dyravarðanna hafi verið slík, að sakast verði við hann um það, hvernig til tókst. Eru því ekki næg efni til, að bótaréttur hans verði skertur vegna eigin sakar. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að bæta tjón gagnáfrýjanda að fullu.

Þrátt fyrir að dyraverðirnir hafi verið taldir hafa beitt of miklu harðræði af meirihluta Hæstaréttar og að afleiðingin af háttsemi dyravarðanna hafi verið olnbogabrot, taldist háttsemi þeirra rúmast innan starfsskyldna dyravarðanna og því í nægilega eðlilegum tengslum við starf þeirra sem dyraverðir.

Í næsta dómi var vinnuveitandi dæmdur skaðabótaskyldur á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, fyrir líkamstjón sem dyravörður olli á þriðja manni.

Hérd. Reykn. 25. Apríl 2008 (E-1990/2007) voru málavextir þannig að G var staddur á skemmtistaðnum S. G var verulega ölvaður og var að ónáða aðra gesti staðarins og var því ákveðið að vísa G út af staðnum. Dyraverðinum Á var falið það verk að fylgja G út af staðnum. Á leiðinni út, leiddi dyravörðurinn Á, G niður stiga og hélt um hendur hans og þegar komið var á millipall í stiganum losnaði tak dyravarðarins Á, á höndum G, sem leiddi til þess að G féll aftur fyrir sig niður stigann og skall í gólfið. Slasaðist G alvarlega við fallið og var metin með 100% örorku. G stefndi dyraverðinum Á, skemmistaðnum S og tryggingafélaginu V til réttargæslu, til heimtu skaðabóta vegna tjónsins sem hann varð fyrir. Af hálfu G var því haldið fram að dyravörðurinn Á hafi ýtt sér harkalega niður stigann, sem hafi leitt til þess að hann féll niður stigann. En vitnið HD taldi dyravörðinn Á, hafa ýtt G það harkalega á undan sér niður stigann að það hafi leitt til fallsins, en taldi sig ekki hafa séð hvað gerðist á millipallinum. Vitnið GÖB taldi sig hafa séð dyravörðinn Á, eiga orðaskipti við G og dyravörðurinn Á hafi stjakað við G sem féll í kjölfar þess niður stigann. Vitnið Þ sá dyravörðinn Á og G rífast, leit svo niður og sá svo G detta niður stigann, taldi hann fullvíst að G hafi ekki fallið af sjálfsdáðum, en vitnið Þ var ekki undir áhrifum áfengis þegar slysið átti sér stað. Af hálfu dyravarðarins Á var því haldið fram að G hafi misst jafnvægið, er G reyndi að slá til hans með bjórflösku á millipallinum. Vitnið E sem var yfirdyravörður á staðnum, taldi sig hafa séð upptökur í öryggismyndavélum eftir slysið, að G hafi haldið á bjórflösku er slysið átti sér stað, en upptökurnar höfðu ekki verið varðveittar. Héraðsdómur taldi stefndu bera hallann af því að hafa ekki varðveitt upptökurnar af atvikinu varðandi bjórflöskuna. Héraðsdómur taldi einnig bresta sönnun um að dyravörðurinn Á hafi af ásetningi hrint G, en ályktanir vitna þóttu ekki nægilegar til sönnunar. Einnig var talið að framburður dyravarðarins Á um að G haf reynt að slá til hans, ætti sér ekki næga stöð í gögnum málsins. Dómurinn taldi aðalástæðu tjónsins vera að dyravörðurinn Á hafði ekki nægilega traust tak á G en í niðurstöðukafla héraðsdóms tók dómurinn eftirfarandi fram: Telja verður það skyldu dyravarða, sem hafa afskipti af manni í þessu ástandi og beitir til þess valdi að færa hann út, að hann sjái til þess að koma honum út slysalaut og gæta þess að af því hljótist ekki líkamstjón. Dómurinn lítur svo á, að það tak eða tök sem stefndi hafði á Gylfa hafi verið nægileg til að færa hann að stiganum en engan veginn nægilega traust til að færa Gylfa niður þennan stiga. Stefndi Árni Rafn ýtti honum á undan sér í því taki sem hann hafði á honum, en að hann missti svo takið og Gylfi losnaði frá honum og virðist hafa snúist að honum um leið hann losnaði. Á skemmtistaðnum voru fjórir dyraverðir og er það mat réttarins að við þessar aðstæður hafi verið skylt og rétt að tveir dyraverðir hefðu tök á Gylfa og færðu hann á milli sín með öruggum hætti niður stigann. Það mun að einhverju leyti

hafa verið vinnuregla samanber vætti Ingimundar og Sigmars við sambærilegar aðstæður. Þau mistök sem þarna eiga sér stað, og sú vangæsla, sem stefndi Árni Rafn sýndi af séð við að færa Gylfa niður stigann verður að færa honum til sakar. Hann er starfsmaður stefnda Striksins ehf. og er að sinna starfsskyldum sínum er þetta gerist og því ber stefndi Strikið ehf. og ábyrgð á því tjóni sem af þessu hlaut.

Dómurinn leggur ríkar skyldur á dyraverði að gæta fyllstu aðgæslu þegar verið er að vísa ölvuðum aðilum út af skemmtistöðum. Má draga þá ályktun af niðurstöðu dómsins að aðgæsluskylda dyravarða við meðhöndlun á ölvuðum einstaklingum, vegi þyngra í sakarmati, heldur en meðábyrgð tjónþola vegna eigin ölvunar.

Skv. 1. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004,⁵⁴⁵⁵ ber tryggingafélag sem skaðabótaskyld fyrirtæki á ábyrgðartryggingu hjá, ekki ábyrgð á tjóni sem valdið er af ásetningi. Dómurinn gerir ríkar sönnunarkröfur til stefnanda að sanna að um ásetning hafi verið að ræða hjá stefnda, en sú sönnun tókst ekki. Dómurinn telur tjónið falla undir regluna um vinnuveitandaábyrgð, þar sem dyravörðurinn hafi verið að sinna starfi sínu þegar slysið á sér stað og telst háttsemi dyravarðarins þ.a.l. vera innan starfsskyldna hans. Fellur því skaðabótaábyrgðin á tryggingafyrirtækið V, sem var stefnt til réttargæslu í málinu. En skemmtistaðurinn S var tryggður með ábyrgðartryggingu hjá tryggingafyrirtækinu. Ef komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að dyravörðurinn hefði farið út fyrir starfsskyldur sínar, þá bæri tryggingafélagið ekki skaðabótaábyrgðina skv. 1. mgr. 27. gr. vsl.

Í næsta dómi kvað við annan tón en í ofangreindum málum héraðsdóms og Hæstaréttar í þessum kafla. Í dómnum var vinnuveitandi og tryggingarfélag sýknað af kröfum tjónþola, þar sem háttsemi dyravarðanna þótti svo fjarri starfsskyldum þeirra að reglunni um vinnuveitandaábyrgð yrði ekki beitt.

Hrd. 5. júní 2014(696/2013). stefndi R dyraverðinum V, rekstraraðila skemmtistaðarins E og tryggingarfélaginu V til réttargæslu. Til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns sem R varð fyrir. Málavextir voru þannig að R var í biðröð á skemmtistaðnum E, ásamt félaga sínum AH. Kom til orðaskipta á milli dyravarðarins V og R, en kom þó ekki til átaka. Á leið R frá staðnum var ráðist á hann aftan frá, sem leiddi til þess að hann missti meðvitund og fótbrotnaði mjög illa. Skv. framburði vitna voru það dyraverðir skemmtistaðarins E, sem réðust að R. Héraðsdómur taldi nægilega sannað að tjónið hafi orðið, er dyravörðurinn V veittist að honum fyrir utan skemmtistaðinn E og vísaði til lýsinga vitna frá atvikinu. Varðandi ábyrgð skemmtistaðarins E á skaðaverkum starfsmanna sinna, sagði í niðurstaðakafli héraðsdómsins: Þótt fyrir liggi að bæði stefnandi og dyraverðirnir voru komnir út af veitingastaðnum og stóðu úti á götu þar skammt frá þegar umrædd atvik urðu, verður í ljósi framangreinds að fallast á það með stefnanda að dyraverðirnir hafi verið að störfum fyrir stefnda þegar þeir veittust að stefnanda... Að þessu virtu og þegar litið er til gagna málsins og vættis vitna verður að telja að með háttsemi sinni hafi dyraverðirnir farið yfir eðlileg mörk í samskiptum sínum við stefnanda. Ber stefndi, Linda Mjöll

⁵⁴ Framvegis skammstafað: vsl.

⁵⁵ 1. mgr. 27. gr. hljóðar svo: Ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð.

ehf., ábyrgð á verkum framangreindra starfsmanna sinna eftir reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna á tjóni sem þeir valda við störf sín með ólögmatum og saknæmum hætti. Voru því dyravörðurinn V, skemmtistaðurinn E og tryggingafélagið V dæmd til að greiða R skaðabætur in solidum á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar. Dyravörðurinn V áfrýjaði ekki héraðsdóminum og var því fyrir Hæstarétti einungis deilt um ábyrgð skemmtistaðarins E og tryggingafélagsins V, á líkamstjóni R. Skemmtistaðurinn E og tryggingafélagið V byggðu sýknukröfu sína á því að það væri ósannað að dyravörðurinn hefði valdið líkamstjóni R, auk þess að slík háttsemi væri svo fjarri starfsskyldum þeirra að reglan um vinnuveitandaábyrgð ætti ekki við. Loks byggði tryggingafyrirtækið V á því að um væri að ræða líkamstjón af ásetningi og skv. 1.mgr. 27.gr. vsl. beri þeir ekki ábyrgð ef tjóni er valdið af ásetningi. Í forsendum Hæstaréttar kom m.a. fram: Það er skilyrði þess að vinnuveitandi verði dæmdur skaðabótaskyldur vegna saknæmrar og ólögmetrar háttsemi starfsmanns síns að tjóni hafi verið valdið í tengslum við framkvæmd starfars, sem hann átti að inna af hendi. Þótt upphaf atburðarásar þeirrar, sem hér um ræðir, hafi tengst starfi dyravarðanna var ætluð atлага þeirra tveggja að stefnda, eins og hann lýsir henni, löngu eftir að skiptum þeirra lauk og langt frá anddyri veitingahússins. Framferði dyravarðanna við þessar aðstæður var því svo fjarri starfsskyldum þeirra að ekki verður felld ábyrgð á vinnuveitandann, Lindu Mjöll ehf., vegna líkamstjóns stefnda. Verður þessi áfrýjandi því sýknaður af kröfu stefnda. Með sömu rökum verður áfrýjandinn Vörður tryggingar hf. ekki bótaskyldur samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingar vegna Lindu Mjallar ehf.

Héraðsdómur fellir skaðabótaskyldu á skemmtistaðinn E, á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Dómurinn telur dyraverðina hafa gengið of harkalega fram gagnvart tjónþola og leggur áherslu á að þrátt fyrir að tjónið eigi sér stað fyrir utan skemmtistaðinn, hafi dyraverðirnir verið á þeim tímapunkti að starfa í þjónustu skemmtistaðarins.

Hæstiréttur kemst að öndverðri niðurstöðu en héraðsdómur og sýknar skemmtistaðinn og tryggingafélagið af kröfum tjónþola. Hæstiréttur taldi tjónsatburðinn svo fjarri starfsskyldum dyravarðanna að ekki yrði lögð bótaábyrgð á vinnuveitandann. Að mati höfundar þessarar ritgerðar, verður að fallast á niðurstöðu Hæstaréttar í þessu tilviki. Háttsemi dyravarðanna á sér stað 10-15 metrum frá anddyri skemmtistaðarins, 10-15 mínútum eftir að dyravörðurinn V og R áttu orðaskipti í röðinni. Getur sú háttsemi dyravarðanna, að fara út fyrir vinnustað sinn og valda líkamstjóni á tjónþola, sem er á leið frá skemmtistaðnum þegar tjónið átti sér stað, ekki talist rúmast innan þeirra starfsskyldna sem dyraverðir, að mati höfundar.

5 Niðurstöður

Markmið þessarar ritgerðar var að reyna svara hvenær vinnuveitandi sé skaðabótaskyldur þegar dyraverðir valda líkamstjóni á þriðja manni í starfi með saknæmum hætti á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Rakin voru helstu álitæfni um að tjón sem starfsmenn valda þurfi að vera í nægilega nánnum og eðlilegum tengslum við starf til þess að reglunni sé beitt. Var tekið til skoðunar hvaða atriða dómstólar horfa til við mat á því hvort að reglan eigi við og hvaða kröfur þeir gera um tengsl á milli starfs og háttsemi starfsmanns sem veldur tjóni.

Af dómunum sem teknir voru til skoðunar í þessari ritgerð má ráða að dómstólar ganga langt í því að fella ábyrgð á vinnuveitanda þrátt fyrir að telja megi að dyraverðir fari yfir eðlileg mörk í starfi. Dyraverðir þurfa oft á tíðum að meðhöndla fólk sem er undir áhrifum áfengis sem getur leitt til átaka. Getur því verið líklegra en ekki að dyraverðir valdi tjóni í slíkum aðstæðum. Virðast dómstólar taka tillit til þess í mati sínu, þar eð að starfsvettvangur dyravarða getur verið erfiður í sumum aðstæðum en á móti komi að það sé eitthvað sem vinnuveitandi megi gera ráð fyrir. Gangna dómstólar því langt í að fella skaðabótaábyrgð á vinnuveitandann, þó að oft megi færa rök fyrir því að dyraverðir hafi farið offari í störfum sínum.

Dómstólar virðast auk þess leggja ríka aðgæsluskyldu á dyraverði. Felst það í hlutverki þeirra sem dyraverðir að koma einstakling slysalaust út, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem þeir eru meðhöndla fólk sem er undir áhrifum áfengis, sbr. forsendur í niðurstöðukafla héraðsdóms í *Hérd. Reykn. 25. Apríl 2008 (E-1990/2007)*.

Athyglisverðar eru mismunandi niðurstöður héraðsdóms og Hæstaréttar í Hrd. 5. júní 2014 (696/2013). Eins og áður var vikið að í kafla 4.2. þessarar ritgerðar er höfundur sammála niðurstöðu Hæstaréttar í málinu. Af dómnum má draga þá ályktun að skaðabótaábyrgð verði ekki felld á vinnuveitandann ef að dyravörður fer út fyrir mörk vinnustaðar síns og veldur líkamstjóni. Telst sú háttsemi dyravarðar líklegra en ekki, ekki vera í nægilega eðlilegum tengslum við starf hans og þar af leiðandi of fjarlæg starfi hans og starfsskyldum.

Þróun í dómaframkvæmd virðist leiða af sér að ölvun tjónþola hefur minna vægi en hún gerði áður fyrr, við sakarmat dómstóla á lækkun bóta, vegna meðábyrgðar tjónþola á eigin tjóni. Í *Hrd. 1967, bls. 1163* var tjónþoli látinn bera $\frac{3}{4}$ hluta tjóns síns sjálfur vegna ölvunar og háttsemi sinnar, en af nýlegri fordæmum dómstóla eins og *Hérd. Reykn. 25. Apríl 2008 (E-1990/2007)* og *Hrd. 1991, bls. 857* eru gerðar sérstaklega ríkar kröfur til aðgæslu dyravarða í

starfi við meðhöndlun á ölvuðum einstaklingum, frekar en að ölvun sjálfs tjónþolans hafi ollið tjóninu.

Ljóst er að miðað við dómaframkvæmd fellur háttsemi dyravarða sem veldur líkamstjóni á þriðja manni, almennt undir regluna um vinnuveitandaábyrgð. En dómstólar hafa fellt ábyrgð á vinnuveitandann þrátt fyrir að hafa tekið fram í forsendum sínum að dyravörður hafi farið offari í starfi sínu. Sakarmat dómstóla miðast þó alltaf við heildarmat á öllum ofangreindum þáttum og aðstæðum hverju sinni.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Arnþjótur Björnsson: *Skaðabótaréttur. Kennslubók fyrir byrjendur.* 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Arnþjótur Björnsson: „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanns sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“ *Tímarit lögfræðinga*, 2. tbl. 1979, bls. 51-75.

Ólafur Lárusson: *Lög og saga*, Reykjavík 1958.

Sigríður Logadóttir og Ásta Magnúsdóttir: *Inngangur að lögfræði.* Reykjavík 2000.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur.* Reykjavík 2005.

Viðar Már Matthíasson: „Skaðabótaréttur“. *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði.* Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2006, bls. 281-341.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1934, bls. 862

Hrd. 1935, bls. 48

Hrd. 1952, bls. 276

Hrd. 1962, bls. 74

Hrd. 1967, bls. 1163

Hrd. 1976, bls. 96

Hrd. 1991, bls. 857

Hrd. 1996, bls. 205

Hrd. 5. júní 2014 (696/2013)

Dómar héraðsdóms:

Hérd. Reykn. 25. Apríl 2008 (E-1990/2007)

Danskir dómar:

UfR 1952, bls. 648

UfR 1958, bls 821